

Lög Foreldrafélags Dalskóla

1. gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Dalskóla og heimilisfang þess er Úlfarsbraut 118-120, 113 Reykjavík. Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.

2. gr.

Markmið félagsins er að:

- Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum þar sem samskipti eru gagnvirk, gagnsæ og á jafnréttisgrundvelli
- Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólk skólans
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntaskilyrði

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:

- Skipuleggja og halda utan um starf bekkjafulltrúa í hverjum bekk/umsjónahópi
- Koma á umræðum- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál
- Veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til námsog félagslegra starfa verði sem best
- Styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans
- Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, svæðaráð og landssamtök foreldra

4. gr.

Stjórn foreldrafélagsins er skipuð fimm fulltrúum. Stjórn foreldrafélagsins skal kjörin á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn og æskilegt er að helmingur stjórnar endurnýist árlega á aðaldundi. Stjórn foreldrafélagsins skiptir með sér verkum.

5. gr.

Bekkjafulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Bekkjafulltrúar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Hlutverk bekkjafulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hver árgangs/námshóps með nánu samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins ber

ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu kosnir tveir til þrjár fulltrúar forráðamanna úr hverjum árgangi.

6. gr.

Aðalfundur skal haldin í september ár hvert. Skólin boðar til fundar í samstarfi við skólaráð með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins. Verkefni aðalfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundaritarar
- Skýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Kosning fulltrúa í skólaráð
- Önnur mál

7. gr.

Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni.

8. gr.

Stjórn foreldrafélags skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á skólaönn og oftár ef þurfa þykir. Formaður foreldrafélags undirbýr og boðar til þessa fundar. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf foreldra í bekkjardeildum og verkefni skólaráðs.

9. gr.

Stjórn foreldrafélagsins skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálu er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

10. gr.

Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði hóflegt framlag til félagsins, annars vegar fyrir leikskólahluta og hinsvegar fyrir grunnskólahluta. Þetta framlag er innheimt árlega og skal ákveðið á aðalfundi.

11. gr.

Ákvörðun um slit félagsins verður tekið með einföldum meirihluta á aðalfundi og renna þá eignir þess til skólans 12. gr Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði. Reykjavík, september 2012 Lagabreyting á 4. og 10 gr. 1. október 2019

12. gr

Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

Reykjavík, september 2012

Lagabreyting á 10. gr. 1. október 2019

Lagabreyting á 4. gr. 5. nóvember 2020